

ÚTFÆRSLA Á HUGMYNDUM UM BÆTTAN STUÐNING VIÐ ALÞJÓÐASÓKN

*Skilagrein starfshóps Vísinda- og tækniráðs
Lögð fram á fundi Vísinda- og tækniráðs 25. júní 2010*

INNGANGUR

Á fundi Vísinda- og tækniráðs 19. mars sl. var samþykkt að fylgja eftir niðurstöðum starfshóps um bættan stuðning við sókn og þátttöku í alþjóðlegum samstarfsáætlunum sem Ísland á aðild að. Í skýrslu starfshópsins; *Tækifæri til sóknar*, er lögð áhersla á að þó margt sé vel gert í dag megi bæta stuðning og efla sókn með því að setja þjónustu við alþjóðlegar samstarfsáætlanir í eina skrifstofu og nýta betur þá fjármuni og krafta sem fyrir eru. Einnig benti hópurinn á að skort hafi á samræmda stefnumótun í alþjóðastarfi og lagði til að sameinaðri þjónustuskrifstofu alþjóðastarfs verði skipuð stjórn sem fylgi stefnu Vísinda- og tækniráðs við forgangsröðun í alþjóðamálum og samþætti starf á þessu sviði.

Vísinda- og tækniráð bað um nánari útfærslu á tillögnum til umræðu á vorfundi ráðsins. Mennta- og menningarmálaráðherra og iðnaðarráðherra var falið að skipa nýjan starfshóp til að útfæra tillögurnar. Í starfshópnum sátu Friðrika Harðardóttir, ritari Vísinda- og tækniráðs, formaður, Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, Þorsteinn Ingi Sigfússon, formaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs. Magnús Lyngdal Magnússon, Rannsóknamiðstöð Íslands, var ritari hópsins.

Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins er hann beðinn um að fjalla um eftirfarandi spurningar:

1. *Hvaða þjónustu við alþjóðlegar áætlanir er æskilegt að sameina eða samþætta í eina þjónustuskrifstofu út frá hagsmunum notandans?*
2. *Hvar er hagkvæmast að reka þjónustuskrifstofuna, hvert á hlutverk hennar að vera og hvernig á fjármögnun hennar að vera háttáð?*
3. *Hver á skipan og hlutverk stjórnar þjónustunnar að vera?*
4. *Hvernig á að fjármagna alþjóðasamstarfið?*

Hópurinn var beðinn um að meta umfang og eðli þeirrar starfsemi sem þjónustar áætlanirnar í dag og þau áhrif sem flutningur þjónustunnar mun hafa á þá sem eiga að njóta hennar og á starfsemi þeirra sem nú hýsa þjónustuna. Einnig að afla álits á lagalegum hliðum sameiningar og meta ávinning af sameiningu og samþættingu starfseminnar.

Í tengslum við starfshópinn var skipaður samráðshópur helstu hagsmunaaðila. Starfshópurinn kallaði eftir afstöðu samráðshópsins til tillagna um að sameina þjónustu við alþjóðlegar áætlanir og byggir tillögur sínar að útfærslu m.a. á skriflegum svörum sem fengust.

TILLÖGUR HÓPSINS

SPURNING 1: HVAÐA ÞJÓNUSTU VIÐ ALÞJÓÐLEGAR ÁÆTLANIR ER ÆSKILEGT AÐ SAMEINA EÐA SAMÞÆTTA Í EINA ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFU ÚT FRÁ HAGSMUNUM NOTANDANS?

TILLAGA: Sameining á þjónustu taki mið af hlutverki Vísinda- og tækniráðs í breiðum skilningi og nái yfir áætlanir sem tengjast menntun, rannsóknnum, tækniþróun og nýsköpun og taki fyrst og fremst mið af hagsmunum notenda. Undirbúningur hefjist sumarið 2010 með samþættingu á þjónustu og öflugri upplýsingagátt um allar alþjóðlegar samstarfsáætlanir. Ný þjónustuskrifstofa taki til starfa ekki síðar en í ársbyrjun 2012.

SPURNING 2: HVAR ER HAGKVÆMAST AÐ REKA ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUNA, HVERT Á HLUTVERK HENNA AÐ VERA OG HVERNIG Á FJÁRMÖGNUN HENNA AÐ VERA HÁTTAÐ?

TILLAGA: Grundvallarmarkmiðið með þjónustuskrifstofu og samþættri þjónustu við alþjóðlegra áætlanir er að auka sókn og árangur íslenskra aðila. Að mati hópsins þarf því fyrirhuguð þjónustuskrifstofa að vera í góðum tengslum við markhópa. Með sameinaðri þjónustu og öflugri upplýsingagátt verða upplýsingar um allar alþjóðlegar áætlanir og tækifæri aðgengilegar á einum stað. Hópurinn telur nauðsynlegt að veita þessa þjónustu í nánú samstarfi við innlenda stuðningsþjónustu sem sinnir sömu notendum. Er það tillaga hópsins að þjónustuskrifstofan verði hluti af starfsemi Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís), en til að svo megi verða er brýnt að endurskoða hlutverk og starfsemi Rannís. Skrifstofunni verði skipuð ráðgefandi stjórn og rekstur hennar fjármagnaður af tekjum sem nú þegar liggja í þessari starfsemi. Er það mat hópsins að með aukinni samþættingu og sameiginlegri þjónustuskrifstofu skapist svigrúm til hagræðingar og betri nýtingar fjármuna. Mikilvægast er þó að notendur fái betri og markvissari þjónustu. Skrifstofan verði skipulögð í nánú samstarfi við núverandi rekstraraðila þannig að tryggt sé að tengsl við markhópa á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni glattist ekki.

SPURNING 3: HVER Á SKIPAN OG HLUTVERK STJÓRNAR ÞJÓNUSTUNNA AÐ VERA?

TILLAGA: Vísinda- og tækninefndir tilnefni fimm til sjö manna stjórn sem er ráðgefandi fyrir skrifstofuna. Mennta- og menningarmálaráðherra skipi stjórnina á grundvelli þeirra tilnefninga. Hugað verði sérstaklega að aðkomu hagsmunaaðila sem ekki eiga fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Verkefni stjórnarinnar verði að móta áherslur í starfi skrifstofunnar, fylgjast með starfsemi hennar og að skrifstofan starfi í þágu þeirra markmiða sem henni eru sett.

SPURNING 4: HVERNIG Á AÐ FJÁRMAGNA ALÞJÓÐASAMSTARFIÐ?

TILLAGA: Búinn verði til sjóður til að fjármagna ný alþjóðleg verkefni þar sem krafist er samfjármögnunar, og aðildargjöld að alþjóðlegum stofnunum á sviði vísinda og nýsköpunar. Hópurinn leggur til að alþjóðasjóður Rannís (40 milljónir) verði grunnur að alþjóðasjóði og að aðrar beinar fjárveitingar ráðuneyta og undirstofnana í einstök verkefni og áætlanir verði færð í þennan sjóð. Þannig má búa til um 70 til 100 milljóna alþjóðapott.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGUM HÓPSINS

1. HVÆÐA ÞJÓNUSTU VIÐ ALÞJÓÐLEGAR ÁÆTLANIR ER ÆSKILEGT AÐ SAMEINA EÐA SAMÞÆTTA Í EINA ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFU ÚT FRÁ HAGSMUNUM NOTANDANS?

Hópurinn telur að sameina eigi þjónustu við alþjóðlegt samstarf á sem flestum sviðum á einni þjónustuskrifstofu. Eftir samráð við hagsmunaaðila leggur hópurinn til að í fyrstu atrennu verði þjónusta við áætlanir á áhrifasvæði Vísinda- og tækniráðs í breiðum skilningi samþætt og komið upp öflugri upplýsingagátt sem taki mið af hagsmunum notenda. Kjarni þjónustunnar snúist um menntun, rannsóknir og nýsköpun en huga skuli að öðrum sviðum við þróun þjónustunnar. Með þessu móti gefst svigrúm og tækifæri til að skipuleggja fyrirhugaða þjónustuskrifstofu, þróa fyrirkomulag þjónustunnar og tengslin við notendur.

Hlutverk þjónustuskrifstofunnar verður að sinna notendum sem hyggjast sækja í áætlanir Evrópusambandsins, aðrar evrópskar og alþjóðlegar samstarfsáætlanir, norrænar áætlanir og þróunarsjóð EFTA svo eitthvað sé nefnt. Skrifstofan fengi einnig það hlutverk að efla samstarf við önnur lönd og svæði í heiminum, sérstaklega við Bandaríki N-Ameríku.

Þær áætlanir sem skipta mestu máli fyrir menntun, rannsóknir og nýsköpun eru:

FLOKKUR I

Áætlun	Núverandi rekstraraðili	Ársverk
Menntaáætlun ESB	Alþjóðaskrifstofa H.Í. og Rannsóknþjónusta H.Í.	9
7. rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun	Rannís Rannsóknþjónusta H.Í.	2-4
Samkeppnis- og nýsköpunaráætlun ESB <ul style="list-style-type: none">- <i>Nýsköpun</i>- <i>Orka</i>- <i>Upplýsingatækni</i>	Nýsköpunarmiðstöð Íslands Orkusetur Akureyri Rannsóknþjónusta H.Í.	Hlutastörf
Þróunarsjóður EFTA 2009-2012	Utanríkisráðuneyti Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins	Hlutastarf
NPP Norðurslóðaáætlunin	Byggðastofnun	Hlutastarf
Eurostars/Eureka	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Hlutastarf
Nordforsk – Norræna rannsóknaráðið	Rannís / Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Hlutastarf
NICE – Norræna nýsköpunarmiðstöðin	Nýsköpunarmiðstöð Íslands og iðnaðarráðuneyti	Hlutastarf
NEF – Norrænar orkurannsóknir	Orkustofnun og iðnaðarráðuneyti	Hlutastarf
NordPlus	Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins	Hlutastarf
NORA – Norræna Atlantsnefndin	Byggðastofnun	Hlutastarf
Joint Research Centre	Rannís	Hlutastarf
European Molecular Biology Conference	Rannís / Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Hlutastarf
European Molecular Biology Laboratory	Rannís / Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Hlutastarf
Cedefop – European Centre for the Development of Vocational Training	Rannsóknþjónusta H.Í.	Hlutastarf
European Science Foundation – ESF	Rannís	Hlutastarf

COST	Rannís	Hlutastarf
European Institute of Innovation and Technology	Enginn umsjónaraðili	
EURAXESS – atvinnumiðlun fyrir rannsóknafólk í Evrópu	Rannís	Hlutastarf

Hópurinn telur mikilvægt að samþætta þjónustu við ofantaldar áætlanir nú þegar. Í samráði við hagsmunaaðila komu fram áhyggjur af að þjónusta við svæðið utan Reykjavíkur gæti veikt ef umsýsla með öllum þessum áætlunum flyst í eina skrifstofu í Reykjavík. Hópurinn telur að samþætting þurfi taki fyrst og fremst mið af hagsmunum notenda. Þá vekur hópurinn athygli á því að Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Byggðastofnun hafa byggt upp þjónustu í samstarfi við sveitarfélögin og atvinnuþróunarfélögin um land allt. Hópurinn leggur því til að hin nýja þjónusta verði sett upp í nánu samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og að samráð verði haft við Samband íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnun um hvernig þjónustan við landsbyggðina verði sem best tryggð.

Fyrir utan þær áætlanirnar sem nefndar eru hér að framan telur hópurinn að þjónusta við eftirtaldar áætlanir verði einnig samþætt eða sameinuð á fyrirhugaðri skrifstofu:

FLOKKUR II

Áætlun	Núverandi rekstraraðili	Ársverk
Evrópa unga fólksins	Ungmennafélag Íslands	4
Marco Polo II – Samgönguáætlun	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Hlutastarf
Health – Heilsuáætlun ESB	Lýðheilsustofnun	Hlutastarf
ESPON – European Observation Network, Territorial Development and Cohesion	Háskólinn á Akureyri (fyrir hönd Byggðastofnunar)	Hlutastarf

Evrópa unga fólksins er nátengd Menntaáætlun ESB og skörun þeirra er nokkur. Hjá framkvæmdastjórn ESB eru þær til dæmis reknar undir sömu skrifstofu. Auk þess gilda sömu rök um Ungmennafélag Íslands og Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins að í þeirra tilfalli er þjónusta við áætlunina í höndum stórs hagsmunaaðila, sem er stjórnsýslulega mjög vafasamt. Það væri líka mikill styrkur fyrir sameinaða skrifstofu að hafa þekkingu og fjárhagslegt bolmagn áætlunarinnar innan borðs.

Marco Polo II og Heilsuáætlun ESB eru ekki eiginlegar rannsókn- og nýsköpunaráætlanir en þær hafa nýst mjög vel fyrir rannsóknir á sínum sviðum. Þær tengjast ákveðnum sviðum í 7. rammaáætlun ESB.

ESPON styrkir rannsóknir á byggðaþróun og ætti áætlunin að mati starfshópsins augljóslega heima hjá sameinaðri þjónustuskrifstofu. Einnig þarf að athuga með Norrænu fræðastofnunina í skipulags- og byggðamálum (NORDREGIO), sem ekki var hluti af tillögum fyrri starfshópsins en rekur m.a. rannsóknáætlun í skipulags- og byggðamálum.

Eftir standa eftirtaldar áætlanir:

FLOKKUR III

Áætlun	Núverandi rekstraraðili	Ársverk
MEDIA – Kvikmynd, sjónvarp og margmiðlunariðnaður	Kvikmyndamiðstöð Íslands	1
Culture 2007 – Menningaráætlun ESB	Skrifstofa menningaráætlunar	1
Progress	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	Hlutastarf
Daphne II – Áætlun gegn ofbeldi	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	Hlutastarf
NPP Norðurslóðaáætlunin	Byggðastofnun	Hlutastarf
NORA – Norræna Atlantsnefndin	Byggðastofnun	Hlutastarf
Drugs Prevention and Information	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	Hlutastarf
Neytendarvernd	Neytendastofa	?
Community Statistical Programme	Hagstofa Íslands	?
Almannavarnaráætlun ESB	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra	?
EURES – evrópsk vinnumiðlun	Vinnumálastofnun	?

Af þessum áætlunum má sérstaklega nefna Menningaráætlun ESB og Kvikmynda, sjónvarps og margmiðlunaráætlunina (MEDIA). Í stefnu Vísinda- og tækniráðs er lögð áhersla á skapandi greinar og tengingu þeirra við rannsóknir og nýsköpun. Með auknu samstarfi við Menningaráætlun ESB, og einnig MEDIA, væri hægt að byggja upp nánara samstarf þessara greina. Þessar áætlanir yrði hluti af sameiginlegri gátt en starfshópurinn telur þó að í framhaldinu eigi að skoða fýsileika þess að færa síðar þjónustu við þessar tvær áætlanir undir fyrirhugaða þjónustuskrifstofu.

Af öðrum áætlunum á þessum lista telur starfshópurinn koma til greina að umsýsla með einhverjum þeirra, jafnvel öllum, fari inn á sameinaða þjónustuskrifstofu en setur það ekki í forgang.

Skrifstofan hefði bolmagn til að taka að sér ný verkefni og til að sinna betur en gert er í dag stuðningi við sókn annað en til Evrópu.

2. HVAR ER HAGKVÆMAST AÐ REKA ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUNA, HVERT Á HLUTVERK HENNAÐ AÐ VERA OG HVERNIG Á FJÁRMÖGNUN HENNAÐ AÐ VERA HÁTTAÐ?

Tveir kostir hafa verið nefndir fyrir rekstur og staðsetningu nýrrar þjónustuskrifstofu. Annar er að setja upp nýja stofnun sem tekur að sér rekstur og þjónustu við alþjóðlegar áætlanir, eins konar alþjóðahús. Hinn er að setja upp sjálfstæða skrifstofu innan stofnunar sem þegar er starfandi. Ef rekstur allra þjónustuskrifstofanna er tekinn saman þá benda forsendurnar til að hægt væri að setja upp skrifstofu með um 20 stöðugildum sem hefði um 250 milljónir í rekstrarfé á ári. Þar af kæmi ekki nema þriðjungur frá íslenskum stjórnvöldum. Í þessum forsendum eru engir nýir peningar, þ.e. ekki er gert ráð fyrir að þörf sé á meira fjármagi en fer þegar í þessa starfsemi. Rekstrargrundvöllur nýrrar skrifstofu gæti því litið svona út (tekjuforsendur fengnar úr skýrslu alþjóðahóps; *Tækifæri til sóknar*):

REKSTRARFORSENDUR NÝRRAR SKRIFSTOFU

<i>Tekjur</i>	<i>Kr.</i>	<i>Evrur</i>	<i>Hlutfall</i>
Framlag ríkisins	60.350.000	355.000	23%
ESB – rekstur skrifstofu	139.491.970	820.541	52%
ESB – ýmis verkefni	66.300.000	390.000	25%
<i>Samtals</i>	<i>266.141.970</i>	<i>1.565.541</i>	
<i>Kostnaður</i>	<i>Kr.</i>	<i>Evrur</i>	<i>Hlutfall</i>
Laun	185.000.000	1.088.235	72%
Endurskoðun og mat	4.000.000	23.529	2%
Ferðir	22.000.000	129.411	8%
Leiga	14.000.000	82.353	5,5%
Rekstur skrifstofu	12.000.000	70.588	4,5%
Útgáfa og kynningar	20.000.000	117.647	8%
<i>Samtals</i>	<i>257.000.000</i>	<i>1.511.763</i>	
<i>Svigrúm</i>	<i>9.141.970</i>	<i>53.778</i>	
<i>M.v. gengi evru 1€ = 170kr</i>			

Í þessum rekstrargrunni skipta Menntaáætlun ESB, Evrópa unga fólksins og 7. rammaáætlun mestu. Verði ein af þessum áætlunum ekki með í sameinaðri skrifstofu þarf að endurskoða forsendur og draga úr umsvifum. Hópurinn telur að allar forsendur fyrir hendi til að reka nýja skrifstofu, hvort sem hún er rekin sem sjálfstæð stofnun eða skrifstofa innan annarrar stofnunar.

Ólíklegt er að hljómgrunnur sé fyrir því að setja upp nýja stofnun í ljósi núverandi aðstæðna í íslensku efnahagslífi, enda er það stefna stjórnvalda að fækka ríkisstofnunum. Þá er einnig gerð sú sjálfsgæða krafa að sameining alþjóðlegra áætlana skili aukinni hagræðingu með tilliti til ríkisútgjalda og er það skoðun hópsins að slíkri hagræðingu sé hægt að ná fram. Sameining alþjóðlegra áætlana myndi hafa í för með sér samlegðaráhrif sem meðal annarra orða þýðir að hægt væri að sinna þessum verkefnum betur fyrir sama framlag. Með því að sameina hlutastörf gefst starfsfólki fyrirhugaðrar skrifstofu betri kostur á aukinni sérhæfingu sem skilar betri þjónustu við notendur, bæði hvað varðar kynningu og faglega aðstoð. Betri þjónusta við notendur getur og á að leiða af sér aukna sókn í alþjóðlegar áætlanir, þ.m.t. nýliðun í hóp þeirra sem leita eftir stuðningi erlendis frá.

Hópurinn telur því mikilvægt að hin nýja þjónustuskrifstofa sé í nánum tengslum við innlenda stuðningsþjónustu á skyldum sviðum. Þetta er mikilvægt til að fá sterkari tengingu við þá sem hafa gagn af þjónustunni. Stofnunin sem helst kemur til greina í dag er Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís). Þetta kallar á gagngera endurskoðun á starfsemi Rannís, þ.m.t. nýja og aðgengilegri staðsetningu fyrir notendur. Í ljósi samdráttar og niðurskurðar vill hópurinn vekja athygli á að slík breyting – ný staðsetning – þarf ekki endilega að þýða aukin útgjöld en það er eitt af því sem þarf sérstaklega að skoða ef að stofnunin fær það hlutverk að reka fyrirhugaða skrifstofu. Rannís hefur enda með höndum víðtækt þjónustuhlutverk fyrir rannsókn- og nýsköpunarstarf á Íslandi. Ítrekað hefur verið bent á – þ.m.t. í skýrslum erlendra sérfræðinga – að nauðsynlegt sé að endurskoða hlutverk Rannís og gefa stofnuninni meira vægi í stuðningskerfinu. Staðsetning þjónustuskrifstofu

fyrir alþjóðamál hjá Rannís getur verið skref í þessa átt og hvetur hópurinn til að staðsetning þjónustuskrifstofunnar verði skoðuð í samhengi við slíka endurskoðun.

Hlutverk skrifstofunnar verður margþætt:

1. Kynning – hvatning – ráðgjöf. Megin verkefni þjónustuskrifstofunnar er að tryggja eins mikla og öfluga íslenska þátttöku í alþjóðlegum samstarfsáætlunum og kostur er. Í því felst stöðug kynning á þeim möguleikum sem felast í alþjóðlegu samstarfi í menntun og menningu, rannsóknnum og nýsköpun, vinnumarkaðs- og æskulýðssamstarfi. Auk kynningar þarf að hvetja íslenska aðila til þátttöku með styrkjum til undirbúningsferða. Skrifstofan mun veita sérfræði ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur í einstakar áætlanir og sjóði.
2. Umsýsla með dreifstýrðum áætlunum og sjóðum. Þrjár af þeim áætlunum sem lagt er til að verði sameinar eru dreifstýrðar (Menntaáætlun, Evrópa unga fólksins og NordPlus), en í því felst að öll umsýsla yrði á þjónustuskrifstofunni, þ.e. auglýsing eftir umsóknnum, mat og gerð samninga, greiðslur, eftirlit með framkvæmd verkefna og verklokum, og loks ítarleg skýrslugjöf til framkvæmdastjórnar ESB eða norrænu skrifstofunnar.
3. Umsýsla með þátttöku í miðlægum áætlunum, stjórnnum og stofnunum.
4. Upplýsingaöflun og ráðgjöf við stjórnvöld. Sameinuð þjónustuskrifstofa ætti að hafa það sem skýrt verkefni að safna saman upplýsingum um þátttöku Íslands í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi og gera grein fyrir þeim árlega. Slík upplýsingasöfnun ætti að vera með þeim hætti að hún nýttist bæði til að meta árangur af starfi skrifstofunnar og stjórnvöldum við stefnumótandi ákvarðanir um hvernig brugðist er við breytingum í ytra umhverfi.

3. HVER Á SKIPAN OG HLUTVERK STJÓRNAR ÞJÓNUSTUNNAR AÐ VERA?

Sjálfstæði sameiginlegrar þjónustuskrifstofu verði tryggt með sérstakri stjórn hennar um leið og tenging við Vísinda- og tækniráð sé traust og skýr. Lagt er til að Vísinda- og tækninefndir tilnefni fimm til sjö manna stjórn sem er ráðgefandi fyrir skrifstofuna. Mennta- og menningarmálaráðherra skipi stjórnina á grundvelli þeirra tilnefninga. Hugað verði sérstaklega að aðkomu hagsmunaaðila sem ekki eiga fulltrúa í Vísinda- og tækniráði.

Stjórnin verður ráðgefandi fyrir þjónustuskrifstofu. Hún mótar áherslur í starfi skrifstofunnar, fylgist með starfsemi hennar og að skrifstofan starfi í þágu þeirra markmiða sem þjónustuskrifstofunni eru sett.

Auk þess verða skipaðar verkefnastjórnir yfir hverri einstakri samstarfsáætlun sem þjónustuskrifstofan annast. Verkefnastjórnin, sem skipuð er af því ráðuneyti sem hefur viðkomandi samstarfsáætlun á sínu forræði, skal skipuð fulltrúa viðkomandi ráðuneytis og fulltrúum helstu hagsmunaaðila viðkomandi áætlunar. Verkefnastjórn hverrar

samstarfsáætlunar tilnefni fulltrúa í stjórnarnefndir viðkomandi samstarfsáætlun og vinnuhópa er tengjast þeim.

4. HVERNIG Á AÐ FJÁRMAGNA ALÞJÓÐASAMSTARFIÐ?

Hópurinn leggur til að myndaður verði sjóður til að fjármagna þátttöku í nýjum alþjóðlegum verkefnum þar sem krafist er samfjármögnunar, s.s. Joint Programme Initiative, og aðildargjöld að alþjóðlegum stofnunum á sviði vísinda og nýsköpunar. Það verði gert með því að safna saman í einn sjóð greiðslum sem þegar eru bundnar í þessa starfsemi. Hér er ekki átt við þátttöku í alþjóðlegum áætlunum eins og þeim sem eru listaðar í kafla eitt og byggja á milliríkjasamningum heldur sértækari verkefnum sem krefjast samfjármögnunar – oft undir hatti þessara áætlana. Greina þarf hvernig þessum fjárveitingum er háttað í dag hjá ráðuneytunum og undirstofnunum þeirra en sjóðurinn gæti lauslega áætlað orðið upp á 70 til 100 milljónir.

Við útfærslu sjóðsins og skilgreiningu á ábyrgð stjórnar þarf að taka tillit til gengisáhættu sem er innbyggð í starfsemi sjóðs af þessu tagi.

